

**122** dórsstöðum í Þingeyjarsýslu allt að 2500 kr. lán úr viðlagasjóði gegn fullu veði og vöxt-  
7. nóv. um og afborgun í 10 ár, til að fullkomna ullaarvinnuvjelar sínar. Í sambandi við þetta hafið þjer látið í ljósi, að eptir yðar ætlun væri eigi næg ástæða til að taka þessa ályktun til greina, þarsem eigi væri hægt að veita slíkt lán úr viðlagasjóði nema með því að taka af fje því, sem búið er að koma í ríkisskuldabryf, en neðri deild þingsins hefði fellt uppástungu um þessa fjárveitingu í fjárlögunum og sama manni aptur á móti verið veittur 500 kr. styrkur með fjárlögunum.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjá líða þjónustusamlega að skýra yður frá, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að ráðgjafinn af ástæðum þeim, sem þjer, herra landshöfðingi, hafið tekið fram, er yður samdóma um, að eigi skuli taka til greina þessa ályktun, sem samþykkt var í efri deild alþingis.

**123** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um heimild til að veita sýslu-  
7. nóv. fjelögum hallærislán. — Í þóknanlegu brjefi 24. sept. p. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, um leið og þjer skýrið frá, að ástandið á Íslandi sje enn víða mjög ískeyggilegt og einkum hættulegt í ýmsum sjóplássum, farið þess á leit, að heimild sú, til að veita sýsluffelögum lán úr landssjóði til að afstýra hallæri, sem yður var veitt með ráðgjafabrjefi 28. sept. 1883, verði framlengd þannig, að hún gildi einnig eptir lok yfirstandandi fjárhagstímabils.

Í tilefni af þessu, er yður, herra landshöfðingi, hjermeð þjónustusamlega veitt heimild til að veita sýslunefndum á fjárhagstímabilinu 18<sup>86/87</sup> lán þau úr landssjóði, sem kynnu að virðast óhjákvæmilega nauðsynleg til þess að afstýra hallæri, gegn því að vextir og afborganir af lánunum greiðist á þann hátt, sem alþingi ákveður.

**124** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja útaf þingsályktun viðvíkj-  
7. nóv. andi lánunum til þilskipakaupa. — Með þóknanlegu brjefi 27. ágúst p. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem samþykkt var á seinasta alþingi, þar sem skorað er á stjórnina, að hún láti þá, sem kaupa vilja þilskip til fiskiveiða, sitja fyrir öðrum að fá lán úr landssjóði með venjulegum kjörum, þó svo, að eigi sje lánað til kaupa hvers skips meira en 4500 kr. og að upphæðin af öllum þessum lánunum fari eigi fram úr 100,000 kr., og ennfremur að selt verði það, sem með þarf til að fullnægja þessu, af innskriftarskírteinaupphæð viðlagasjóðsins. Auk þess hafið þjer látið í ljósi, að það sje álit manna, að aukinn þilskipaútvægur hafi mikla þýðingu fyrir eflingu á velmegun landsins, og þess vegna mælt með því, að þessi áskorun frá þinginu verði tekin til greina, um leið og þjer þó hafið tekið fram, að eptir því sem fjárhagur landssjóðsins standi muni líklega verða nauðsynlegt að taka allt fje til þessara lána af innskriftarskírteininum.

Sömu leiðis hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi 25. sept. p. á., látið í ljósi skoðun yðar um ákvörðun þá, sem alþingi skaut inn í endann á fjárlögunum fyrir 18<sup>86/87</sup>, en með henni veitist stjórninni heimild til að verja allt að 150,000 kr. af innskriftarskírteinaupphæð viðlagasjóðs til að lána sýsluffelögum og bæjarstjórnnum til þess að útvega mönnum atvinnu við gagnleg fyrirtæki, og um leið hafið þjer tekið það fram, að eigi verði mögulegt að neyta heimildar þessarar að öllu leyti, þar sem mjög muni verða farið að ganga á innskriftarskírteini viðlagasjóðs, þegar búið sje að greiða af hendi

önnur lán, sem alþingi hafi ákveðið, einkum hið fyrnefnda lán til þilskipakaupa, lán það, sem getur um í sjerstökum lögum, til eflingar æðarræktar og, ef til kemur, lán til að afstýra hallæri og að endingu uppbót á halla þeim, sem ætla má að fram komi á næsta fjárhagstímabili, samkvæmt hinum samþykktu fjárlögum og með tilliti til laga þeirra, sem nefnd eru í 19. gr. fjárlaganna, og kostnaðarins við aukaalþingi 1886.

124  
7. nóv.

Aptur á móti hafið þjer skotið því til ráðgjafans, hvort ástæða mundi til, að nota heimild þessa að nokkru leyti, með því að lána út minni upphæð, t. d. 30,000 kr., en með því fje mundi mega hjálpa til að bæta úr atvinnuskorti á fáeinum stöðum á komandi vetri og næsta vori.

Ráðgjafinn er yður, herra landshöfðingi, samdóma um, að ganga verði út frá því, að öll hin áðurnefndu gjöld og lán verði, að svo miklu leyti sem þau verða veitt, að greiðast af innritunarskírteinum viðlagasjóðsins, ef til vill þó að við bættum þeim 27,000 kr., sem taldar eru í 4. gr. fjárlaganna að greiðast eigi upp í þau skuldabryjef viðlagasjóðsins, sem afborganir eru greiddar af, því eigi er við því að búast, að nokkuð verulegt fje verði í sjóði við enda yfirstandandi fjárhagstímabils, þegar dregin er frá upphæð sú, sem við árslokin verður skuld hjá landsjóðnum í viðskiptunum við ríkissjóðinn.

En af innskriftarskírteinaupphæðinni verður fyrst og fremst að greiða það sem á vantar að tekjurnar jafnist við gjöldin á fjárhagstímabilinu 18<sup>86</sup> 87, og þar sem tekjur þær, sem taldar eru í fjárlögunum, minnka um 35,000 kr. við lög 2. þ. m. um linun í skatti á ábúð og afnotum jarða og lausafje, og gjöldin sökum bankalaganna aukast um 10,000 kr. og sökum aukapingsins um 20,000 kr., þá má reikna að hallinn verði um 60,000 kr.

Enn fremur verður öðru fremur að greiða af innskriftarskírteinaupphæðinni lán þau til að afstýra hallæri, sem rætt er um í öðru brjefi frá ráðgjafanum til yðar, dagsettu í dag. Þó eigi sje hægt að segja, hve mikla upphæð muni þurfa í þessu skyni, ætlar ráðgjafinn, að búast megi við, að töluvert fje kunni að þurfa, og að halda verði eptir að minnsta kosti 100,000 kr. í þessu skyni, þar sem hjálpin frá styrktarsjóði þeim, er einstakir menn hafa safnað saman, nú er á enda, og með tilliti til þess að frá einni sýslu er komin bæn um 20,000 kr. lán. Þegar upphæðir þær, sem að ofan eru nefndar, eru lagðar saman, og dregnar frá innskriftarskírteinaupphæðinni, sem nú sem stendur er 307,800 kr., verða tæpar 150,000 kr. eptir, og af því fje, að viðbættum ef til vill, afborgunum þeim upp í skuldabryjef viðlagasjóðsins, sem taldar eru í 4. gr. fjárlaganna, verður að greiða öll önnur lán, sem kynnu að verða veitt.

Þar sem eins og nú stendur á ekki getur verið umtalsmál að fullnægja báðum alþingisályktunum þeim, sem getið er um í ofanefndum brjefum yðar, herra landshöfðingi, dagsettum 27. ágúst og 25. sept. þ. á., er ráðgjafinn þeirrar skoðunar, að gagnlegast muni vera að verja því, sem stjórnin ætlar að af megi sjá af innskriftarskírteinaupphæðinni auk hins áðurtalda, til lána til þilskipakaupa, því að ráðgjafinn telur, að sú ráðstöfun hafi mesta þýðingu til þess að bæta ástandið á Íslandi. Samt verður ráðgjafinn að álita það nauðsynlegt, að svo verði fyrirbúist, að til sje að minnsta kosti 100,000 kr. við lok næsta fjárhagstímabils af innskriftarskírteinaupphæð þeirri, sem landssjóður nú á. Með þeirri takmörkun á samanlagðri upphæð lánanna sem hjer af leiðir, er yður því hjer með veitt heimild til að taka þingsályktunina um lán til þilskipakaupa til greina. Því skal við bætt, að áskilja þer, þegar lánin eru veitt, að þau sjeu afborguð á 10

124<sup>a</sup> eða í mesta lagi á 15 árum, og að hinum árlegu afborgunum ber að verja til að kaupa 7. nóv. fyrir konungleg ríkisskuldabreyf handa viðlagasjóðnum.

125  
1. des

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um útvegum á húsum fyrir sóttvarnarhús. — Í fjárlögum fyrir 1886 og 1887 11. gr. 3. f. er veitt allt að 500 kr. upphæð á ári, sem borgun fyrir að eiga aðgang að húsum fyrir sóttvarnarhús á þeim sex kaupstóðum, sem nefnd eru í 1. gr. í lögum 17. desbr. 1875, um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt og aðrar næmar sóttir flytjist til Íslands, nefnilega í Reykjavík, á Vestmannaeyjum, í Stykkishólmi, á Ísafirði, á Akureyri og á Eskifirði. Var svo til ætlast, þá er rætt var um fjárveitingu þessa á alþingi, að útvega skyldi, á þenna hátt, sóttvarnarhús í þeim sex kaupstöðum, sem nú voru nefndir, og álitid, að takast mundi, að ná þeim samningum við einhverja menn á þessum stöðum, að þeir skuldbindi sig til, að ljá hús sín til sóttvarnarhúsa, hvenær sem þess kynni þurfa við, gegn árlegu gjaldi 50—100 kr. árlega, en þeir, sem samið væri við, ættu að fá borgunina, hvort sem til þess kæmi, að hús þeirra væru notuð fyrir sóttvarnarhús, eða ekki.

Með tilliti til þessa skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leitast við með aðstoð lögreglustjórnanna að ná samningum við einhverja húseigendur — til suður- og vesturamtsins: í Reykjavík, á Vestmannaeyjum, í Stykkishólmi og á Ísafirði — til norður- og austuramtsins: á Akureyri og Eskifirði — um að ljá hús sín til afnota sem sóttvarnarhús, ef til þess skyldi koma, á næsta fjárhagstímabili, fyrir umsamda borgun fyrir hvort árið, og gæti borgunin fyrir fyrra árið orðið greidd þeim, þegar samningurinn, er ætti að gjörast að áskilda samþykki landshöfðingja, væri fullgjörður, og fyrir síðara ár fjárhagstímabilsins, í byrjun þess árs. En þarð þessi borgun, sem hlutadeigendur, eins og áður er sagt, ættu að fá hvort sem hús þeirra væru notuð eða ekki, verður að takmarkast við hina veittu fjárupphæð í fjárlögum, og þessvegna að líkindum yrði ónóg til þess einnig að vera leiga fyrir húsin ef til þess kæmi, að þau þyrftu að notast fyrir sóttvarnarhús, má ennfremur, ef þess gjörist þörf, semja um ákveðna húsaleigu fyrir hvern mánuð, meðan húsin yrðu notuð í þarfir hins opinbera ef til þess kæmi að á þeim þyrfti að halda, en sú borgun yrði þá greidd úr landssjóði upp á væntanlega fjáruakavæitingu.

#### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C. 4.

Samþykktar tillögur sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu um að verja 95 kr. (sbr. Stjttf. þ. á. B. 17 og B. bls. 128) til að styrkja ábúendurnar á jörðunni Undirhrauni til að halda áfram tilraunum þeirra til að græða upp sand með vatnsveitingum.

#### EMBÆTTASKIPANIR.

1. desbr. skipaði landshöfðingi prest að Tjörn í Svarfaðardal, sjera Kristján Eldjárn Þórarinsson, prest í Mýrdalsþinga prestakalli í Vesturskaptafells prófatsdæmi frá næstkomandi fardögum.  
5. s. m. skipaði biskup sóknarprest í Reykolti, settan prófast sjera Guðmund Helgason virkilegan prófast í Borgarfjarðar prófatsdæmi, og sóknarprest að Svalbarði, settan prófast sjera Guðorm Vigfússon virkilegan prófast í Norðurþingeyjar prófatsdæmi.

#### SÝSLANIR VIÐ LANDSBANKANN.

27. nóvbr. var skrifari Sighvatur Bjarnason skipaður bókarari og cand. theol. Halldór Jónsson skipaður fjehirðir við banka þann, er samkvæmt lögum 18. septbr. 1885 á að stofna í Reykjavík með launum eptir 25. gr. laganna frá þeim tíma er bankinn tekur til starfa.

#### ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Ólafsvellir í Árness prófatsdæmi (Ólafsvalla- og Skálholts sóknir). 242 kr. landssjóðslán hvílir á prestakallinu, sem afborgast með 22 kr. á ári auk vaxta. Metið 905 kr. 44 a. Auglýst 14. apr. 1885.  
Tjörn í Svarfaðardal í Eyjafjarðar prófatsdæmi (Tjarnar, Upsa og Urða sóknir). Metið 1214 kr. 15 a. Auglýst 2. des. 1885.